

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Árið 2000 lét Sólveig Pétursdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, vinna rannsókn á vændi á Íslandi. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að svara þeirri spurningu hvort vændi fyrirfyndist á Íslandi. Skýrslan kom út ári seinna, fyrir tíu árum síðan, og lýsti ekki fögrum heimi, svo vitnað sé til orða ráðherrans sjálfs. Skýrslan vakti sterk viðbrögð í samfélaginu, enda tók hún af öll tvímæli um tilvist þessa samfélagsmeins á litlu og fámennu eyjunni okkar. Árið 2011 grasserar vændi á Íslandi í meira mæli en nokkru sinni þó umfangið sé ekki nákvæmlega skilgreint. Mátulega dulbúið til að ekki komist upp um kaupendurna, en mátulega sýnilegt til að þeir viti hvert skuli leita. Þannig er eðli vændis, sama hvernig löggjöf landa er. Langflestir kaupendur vændis reiða sig á nafnleynd og nafnleysi. Ekki bara af því þeir séu mögulega giftir eða þekktir eða í virðulegum embættum heldur vegna þess að þeir virðast þrátt fyrir allt hafa einhvern smásnefil af sómakennnd og þeir vita að vændiskaup eru ekkert til að gorta sig af.

Vændi er ekki bara samfélagsmein á Íslandi eða neinu öðru afmörkuðu landi. Vændi er alþjóðlegt vandamál, það er hluti af klámiðnaðinum sem er undirstaða mansals í heiminum. Klámiðnaðurinn er eitt stærsta og umfangsmesta vandamálið sem alþjóðasamfélagið á við að glíma. Hann keppir við ólöglega vopna- og fíkniefnasölu í umfangi og veltu og hefur þar ótvírætt forskot þar sem hægt er að selja sömu vöruna aftur og aftur og aftur. Söluvaran er í langflestum tilfellum konur og börn sem ýmist hafa verið tekin nauðug eða lokkuð inn í þennan heim vegna afar bágra aðstæðna.

Íslendingar hafa undirritað og fullgilt Palermo-viðaukann við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi. Palermo-viðaukinn lýsir skilningi á eðli mansals og þeim órjúfanlegu tengslum sem eru á milli kláms, vændis og mansals. Þar er gert ráð fyrir um mansal geti verið að ræða þótt konurnar séu ekki fluttar yfir landamæri, þótt þær séu ekki gerðar út í hefðbundið vændi heldur annars konar kynlífsþjónustu jafnvel, og þótt þær hafi jafnvel veitt samþykki sitt. Nóg er að manseljandinn sé að misnota viðkvæmar aðstæður

4. október 2011

konunnar til að selja hana í kynlífsþjónustu, jafnvel í eigin landi. Palermo-
viðaukinn markaði tímamót í umræðunni og það var stórt skref fyrir Ísland að
fullgilda hann. Með því skuldbindum við okkur til að vinna með öðrum þjóðum
að því að uppræta þennan vanda og beita til þess markvissum aðgerðum.

Þær aðgerðir sem farið hefur verið í er meðal annars að samþykkja og láta
framkvæma aðgerðaáætlun íslensku ríkisstjórnarinnar gegn mansali en hún hefur
nú litið dagsins ljós og margt af því sem þar segir hefur þegar verið framkvæmt.
Íslensk lög hafa tekið stakkaskiptum en þau setja í dag ábyrgðina þar sem hún á
heima. Vændi er skilgreint sem ofbeldi, þar sem kaupandinn er gerandinn. Kaupin
eru bönnuð og raunar öll kaup á kynlífsþjónustu. Viðurlög við broti á lögnum
nema allt að tveggja ára fangelsi. Milliganga um vændi er sömuleiðis ólögleg og
getur viðkomandi fengið allt að fjögurra ára fangelsisdóm. Íslensk lög hafa einnig
bannað nektardans og að gert sé út á nekt starfsfólks með nokkrum hætti.
Nektardansstaðir spruttu upp hérlandis um og fyrir aldamót, en fljótlega vaknaði
grunur um að á stöðunum færi fram mun viðtækari starfsemi, m.a. vændis- og
fíkniefnasala. Sérstakt mansalsteymi er starfrækt á vegum stjórnvalda sem ætlað
er að aðstoða og styðja við fórnarlömb og svona mætti lengi telja. Þetta
mansalsteymi hefur raunar veitt nokkrum fórnarlömbum mansals viðeigandi
stuðning með góðum árangri. Skilningur og vilji stjórnvalda er af hinu góða og
lög eru sannarlega mikilvæg. Þau leggja línur og þeim ber að fylgja. Þess vegna
höfum við lögreglu. Og til að tryggja að allir fái sanngjarna málsmeðferð, þá
höfum við líka dómskerfi. Það hefur það hlutverk að úrskurða um hvort fólk hafi
raunverulega brotið lög eða ekki og ákveða refsingu í samræmi við lögina ef svo er.

Forseti. Undanfarnar vikur hafa fjölmiðlar fjallað ítarlega um vændi á Íslandi og
það er ekki í fyrsta skipti. Í DV í gær birtist vönduð úttekt sem byggir á viðtölum
við vændiskonu, við ráðgjafa hjá Stígamótum og við framkvæmdastjóra
fyrirtækisins D3, sem rekur einkamál.is. Vændiskonan staðfestir það sem lengi
hefur leikið grunur á, að viðskiptin fari einna helst fram í gegnum einkamál.is.
Eins virðast mikil viðskipti fara fram í gegnum vefsetrið Purple Rabbit, þar sem
rekstraraðilinn fær víst 15% hlut af ágóða allrar sölu sem þar fer fram og hlýtur

4. október 2011

Þannig að geta talist til milligönguaðila. Nýjasta viðbótin eru svo nuddálkar Fréttablaðsins.

Ef við byrjum á Einkamálum, þá kemur fram í úttektinni kemur fram að 257 auglýsingar á einkamál.is eru þannig merktar með svo afgerandi hætti að blaðamaður telur ekki nokkurn vafa á að um vændi sé að ræða. 257 auglýsingar. Í 75 þessara tilfella er verið að óska eftir kaupum á vændi og 154 tilfellum er verið að auglýsa það til sölu. Það eru eingöngu karlar sem óska eftir að kaupa vændi, en 154 konur og 28 karlar sem eru að bjóða vændi til sölu. Auglýsingarnar eru misgamlar, þær elstu hafa verið þar inni frá árinu 2003. Í viðtali við DV í gær fullyrðir framkvæmdastjóri D3 sem rekur vefsíðuna einkamal.is að tekið sé til á vefnum tvisvar til þrisvar á dag og öllum auglýsingum sé hent út sem gefi til kynna að um vændi sé að ræða. Hann sagði auglýsingar með dollaramerkjum vera rannsakaðar sérstaklega og lofaði að þær auglýsingar sem blaðamaður vitnaði til, þessar 257, yrðu horfnar af vefnum innan klukkutíma. Úttekt DV endar þó á þessum orðum, með leyfi forseta: „Rétt er að taka fram að það eru tvær vikur síðan DV ræddi við Engilbert en auglýsingarnar eru enn inni á einkamál.is og koma upp þegar dollaramerki er notað sem leitarorð.“ Tilvitnun lýkur.

Þegar aldur auglýsinganna er skoðaður í úttekt DV, og raunar kemur það líka fram í viðtali við ráðgjafa hjá Stígamótum, má sjá að auglýsingar um kaup á vændi eru síður hreinsaðar út en auglýsingar á vændi til sölu. Elstu kauptilboðin eru frá árinu 2003 og þannig virðist sem enn sé litið á seljendurna sem vandamál en ekki kaupendurna og það viðhorf endurspegladist jafnframt í viðtalinu við framkvæmdastjórnann sem virtist ekki hafa áttað sig á þeirri grundvallarbreytingu sem orðið hefur á íslenskri löggjöf. Það eru jú kaupin sem eru bönnuð en ekki salan.

Í smáauglýsingum Fréttablaðsins eru tveir dálkar undir fyrirsögninni nudd. Annar er í flokknum þjónusta og hinn í flokknum heilsa. Í heilsuflokknum birtast undantekningarlítið auglýsingar frá skráðum fyrirtækjum eða einstaklingum sem eru að selja vel skilgreinda vöru í tengslum við nudd. Í þjónustudálknum eru númerin undantekningarlaust óskráð og ekkert gefið upp um hvers eðlis þjónustan er. Umfjöllun um nuddálka Fréttablaðsins hefur verið talsverð í fjölmiðlum á

4. október 2011

undanförnum vikum. Yfirmaður kynferðisafbrotadeildar lögreglunnar fullyrðir að þarna sé um dular vændisauglýsingar að ræða og að verið sé að rannsaka hvort Fréttablaðið annist milligöngu samkvæmt skilgreiningu laganna.

Ritstjóri Fréttablaðsins segir fráleitt að blaðið birti meðvitað auglýsingar um vændi. Hann segir ómögulegt fyrir blaðið að rannsaka þá þjónustu sem auglýst er, enda sé það ekki þeirra hlutverk heldur lögreglunnar. Ritstjórinn og starfsfólk auglýsingadeildarinnar, virðast þó ekki eiga í neinum erfiðleikum með að staðsetja auglýsingarnar í flokka, þeim finnst ennþá sjálfsagt að tveir dálkar séu í boði fyrir það sem þau vilja meina að sé sama þjónustan. Einn dálkur undir þjónustu, annar undir heilsu, annar er með skilgreindum fyrirtækjum, hitt er með leyninúmerum. Ef nudd er nudd, hvers vegna í ósköpunum þarf þá að hafa undir það tvo dálka í smáauglýsingum dagblaðs?

Í úttekt DV kom fram að starfskonur Stígamóta hafa hringt í auglýst símanúmer en fengið þau skilaboð að ekki sé áhugi fyrir að tala við eða þjónusta konur. Karlmaður sem hringdi fékk aftur á móti þær upplýsingar að í boði væri nudd með svokölluðu „happy ending“ en staðsetning væri ekki gefin upp fyrr en hálf tíma fyrir mætingu. Þær prófuðu jafnframt að setja inn auglýsingu í dálkinn og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Síminn hringdi linnulaust í heila viku svo ljóst er að eftirspurn eftir nuddþjónustu er mikil. Ég verð því að taka undir með yfirmanni kynferðisafbrotadeildarinnar, ég held að það sé nokkuð augljóst að þarna hljóti að vera um vændi að ræða. Hvort og hvenær ritstjóri Fréttablaðsins horfist í augu við það er aftur á móti ómögulegt að segja. Forsvarsmenn þessara fyrirtækja, bæði Einkamála og Fréttablaðsins, verjast ásökunum um milligöngu um sölu á vændi, af veikum mætti þegar nánar er að gáð og vonandi leiðir rannsókn lögreglunnar til niðurstöðu sem allra fyrst.

Forseti. Hvað er þá eiginlega málið? Af hverju grasserar vændi á Íslandi? Af hverju er ekki kaupendum og milligöngumönnum stungið í steinin, konunum veitt aðstoð til að koma undir sig fótunum á nýjan leik og málið er dautt? Af hverju eru augljósar auglýsingar fyrir augum okkar dagsdaglega og af hverju er ekkert gert í málinu? Hvað er hægt að gera? Er ekkert hægt að gera? Hvað getum við, borgarfulltrúar í Reykjavík, gert í þessu öllu saman? Við erum með lög, við erum

4. október 2011

með lögreglu, við erum með dómskerfi, við erum með stjórnvöld, kaup á vændi er bannað og milliganga líka. Samt er þetta ástundað í miklum mæli og viðbrögðin lítil sem engin hjá þeim sem þó hafa skyldum að gegna. Tveir menn hafa verið dæmdir fyrir að kaupa vændi, annar fékk 80 þúsund króna sekt og hinn 20 þúsund króna sekt, að mig minnir, eftir lokað dómhald án þess að ákvörðun um slíkt væri á rökum reist eða í samræmi við hefðir um slíkt. Hámarksrefsingin er tvö ár. Einn dómur hefur fallið í mansalsmáli.

Ég gæti haldið hér langan reiðilestur um allt það fólk sem ekki er að standa sig og hið þegjandi samkomulag um afskiptaleysi en ég ætla að láta staðar numið hér. Ég ætla að einbeita mér að þeim leiðum og þeim úrræðum sem Borgarstjórn Reykjavíkur hefur yfir að ráða. Við höfum skyldum að gegna, sem einstaklingar, sem stjórnvald, sem veitandi þjónustu og sem samstarfsaðili, sem eru meðal annars ágætlega tíundaðar í mannréttindastefnu borgarinnar. Og nú vantar afganginn af ræðunni minni ... Hann er búinn. Nennirðu að rétta mér tölvuna mína? Á ég kannski að segja ykkur brandara á meðan ég bíð? Þakka þér fyrir, minn kæri. Jæja, nú bíða allir spenntir, það virðist vera eitthvað vandamál með prentarann ... En við vorum semsagt komin að því að fara yfir okkar hlutverk og það sem við getum gert sem Borgarstjórn Reykjavíkur. Vonandi er verið að laga prentarann fyrir þau sem á eftir mér tala, þetta er allt að gerast. Já. Ég var semsagt að segja að við hefðum ákveðnum skyldum að gegna og okkar skyldur væru ágætlega tíundaðar, meðal annars í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Ef ég byrja á staðalmyndum og kynjakerfinu sem ég kom aðeins inn á hér áðan og þreytist ekki á að tala um, þá er mjög mikilvægt og mikilvægast af öllu að við viðurkennum klámiðnaðinn sem afsprengi kynjakerfisins, sem afsprengi þess að karlar og konur eru ekki litin sömu augum, sem afsprengi þess að okkur er kennt að hegða okkur með ólíkum hætti gegnum bein og óbein skilaboð allt frá bernsku. Rétt eins og þetta kynjakerfi hefur áhrif á líðan og árangur stelpna og stráka í bernsku, hefur þetta líka áhrif á virðingu einstaklinga hvers gagnvart öðrum og á öllum sviðum lífsins. Kynbundið ofbeldi er ljótasta birtingarmynd misréttisins, og eins og ég kom inn á áðan þá hefur vændi nú verið skilgreint sem ofbeldi kaupandans gagnvart seljandanum.

4. október 2011

Til þess að uppræta þetta þarf margt að gerast. Við þurfum að beita okkur til þess að uppræta staðalmyndir kynjanna, þar sem stelpum er kennt að vera þægar og samviskusamar og þjónusta á meðan strákum er kennt að vera óþægir og villtir og árásargjarnir. Á sama tíma þarf að vinna markvisst í því að auka skilning á sjálfsstjórn einstaklinga yfir eigin líkama eða sjálfsyfirráðum einstaklinga yfir eigin líkama, gagnkvæma virðingu einstaklinga hvers fyrir öðrum. Það þarf að tryggja að karlar og konur sitji við sama borð þegar gæðum er útdelt, bæði kynin eiga að eiga raunverulega möguleika á öllum sviðum samfélagsins og þau eiga að hafa raunverulega sama aðgang að fjármagni. Hluti af þessu er að útrýma kynbundnum launamun, endurmeta störf kvennastétta og tryggja aðkomu kvenna að stjórnun fyrirtækja, stofnana og samfélagsins. Því til viðbótar þarf að setja ábyrgðina þangað sem hún á heima. Það þarf að tryggja að ofbeldi sé á ábyrgð þess sem það fremur, ekki bara í lagalegum skilningi heldur líka samfélagslegum. Það gengur ekki lengur að þolendur kynferðisofbeldis sitji uppi með skömmina af verknaðinum og þori ekki að tjá sig en þannig er það í dag. Þolandi nauðgunar á ekkert frekar að þurfa að skammast sín en þolandi þjófnaðar. Lögbrijótar verða að vinna verk sín á eigin ábyrgð.

Þetta getum við gert. Við getum lagt mun meiri áherslu á upprætingu staðalmynda, virðingu gagnvart náunganum og forvarnir vegna ofbeldis en nú er gert í starfi á vegum borgarinnar með börnum og unglingum, í listum og menningu, í samstarfi við utanaðkomandi aðila bæði héraðs og erlendis og almennt í öllum störfum okkar sem borgarfulltrúar. Við getum líka tryggt að kynbundnum launamun verði útrýmt hjá Reykjavíkurborg, við getum tryggt að karlar og konur eigi raunverulega sömu möguleika á öllum störfum á öllum sviðum og við getum tryggt að karlar og konur, karllæg verkefni og kvenlæg eigi sömu möguleika á styrkjum og stuðningi á vegum borgarinnar. Við getum líka farið í endurmat á störfum borgarstarfsfólks og velt því fyrir okkur hvort stórar kvennastéttir sem bera hitann og þungann af menntun, uppeldi og vernd barnanna í borginni og velferð allra borgarbúa séu í raun og veru á sanngjörnum launum. Er það sjálfsagt?

4. október 2011

Annað sem við getum gert er að hlúa betur að Barnavernd Reykjavíkur. Traust barnavernd skiptir líka miklu máli. Reynslan sýnir að stór hluti fólks sem leiðst hefur út í vændi hefur búið við slæmar aðstæður sem börn og oftast en ekki sætt kynferðislegu ofbeldi. Það á ekkert barn að búa við ofbeldi, algerlega óháð þessari vændisumræðu, en við verðum samt sem áður að horfast í augu við tengslin sem þarna eru og gera það sem í okkar valdi stendur. Við þurfum að breyta. Það er hlutverk okkar hér inni að tryggja að allt starfsfólk borgarinnar sé upplýst og öllum stundum meðvitað um einkenni og vísbendingar um ofbeldi og að allir viti hvernig bregðast skuli við. Það er líka okkar hlutverk að tryggja að Barnavernd Reykjavíkur hafi nægilegt fjármagn og nægilegan mannauð til að öll þau mál sem upp koma verði skoðuð ofan í kjölinn, svo öll börn geti verið örugg.

Við getum líka haft áhrif á hugarfar fólks. Borgarstjórn hefur nú þegar haft mikil áhrif með áherslum sínum, samþykktum og stefnumörkun. Skemmst er að minnast klámráðstefnunnar sem blásin var af, m.a. vegna afdráttarlausrar bókunar borgarstjórnar, löggjafinn hefur tekið áskorun borgarinnar um að banna nektardans og mannréttindastefnan hefur verið fyrirmynd margra annarra sveitarfélaga og opinberra aðila um mótun sinnar stefnu. Borgarstjórn getur haldið áfram á þessari braut. Við getum haldið áfram að standa fyrir hugarfarsbreytingu, þar sem mannréttindaskrifstofa stæði fyrir málfundum og dreifði kynningarefni, stæði fyrir fræðslu fyrir starfsfólk og almenning og svona gætum við lengi talað. Allar slíkar hugmyndir þarf vissulega að skoða gaumgæfilega, sem og ég held að það sé fullt tilefni til að þema næsta árs í starfi skrifstofunnar yrði kynbundið ofbeldi. Verkefni eru allavega ærin.

Eitt vil ég nefna í þessu samhengi, sem gæti verið raunverulegt skoðunarefni fyrir lögfræðinga borgarinnar. Er ekki ástæða til að skoða hvort borginni sé stætt á að eiga viðskipti við fyrirtæki sem grunur leikur á að hafi milligöngu um vændi? Er eðlilegt að borgin kaupi auglýsingar af Fréttablaðinu á meðan lögreglan rannsakar hvort þeir séu mögulega að stunda refsivert athæfi? Hvaða skyldum höfum við að gegna og hvernig megum við fara með almannafé? Ég held að hér sé fullt tilefni til að staldra við og skoða málið. Þess utan tel ég eðlilegt að skoða hvort ekki eigi að fara að fordæmi utanríkisráðuneytisins um siðareglur, en í siðareglum

4. október 2011

starfsfólks utanríkisráðuneytisins er sérstakur kafli um mannréttindi sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Starfsmaður skal gæta þess að framkoma hans samrýmist markmiðum íslenskra stjórnvalda á sviði mannréttinda. Starfsmanni er óheimilt að kaupa eða þiggja vændisþjónustu.“ Tilvitnun lýkur. Ég held að samskonar ákvæði væri ágætt að skoða hvort ekki ætti heima inni í siðareglum borgarfulltrúa og mögulega starfsfólks, enda hafa siðareglurnar verið til umræða og opnar fyrir breytingum að ég held í nokkurn tíma.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samstarf við fjölmarga innlenda og erlenda aðila, m.a. lögreglustjórnann á höfuðborgarsvæðinu, og allskyns grasrótar- og hagsmunasamtök. Þar eru tækifæri. Við eigum að sjálfsögðu að lyfta okkar áherslum, gera þær sýnilegar og reisa kröfur um að fleiri vinni með okkur að okkar stefnumálum. Ég gæti haldið lengi áfram að þylja hér upp allskonar hugmyndir um það sem við getum gert til að sporna gegn vændi í Reykjavík og þar með mansali á alþjóðavísu. Ég ætla ekki að halda áfram mikið lengur í því en ég vil bara áréttta hér að lokum að við erum kjörnir fulltrúar borgarbúa og okkur ber að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það að fólk nýti sér neyð einstaklinga í eigin þágu.

Við eigum að stuðla að aukinni virðingu og kærleika meðal fólks, við höfum til þess ótal tæki og við eigum að beita þeim. Ég vona að umræðan hér í dag verði til þess að skapa enn breiðari samstöðu meðal okkar um viðnámið gegn klámiðnaðinum, að fleiri hugmyndum verði varpað fram um aðgerðir og að við eigum samtal sem vonandi skilar sér til betra samfélags hérna í Reykjavík. Að lokum vil ég svo bera hér upp tillögu að sameiginlegri bókun allra borgarfulltrúa, samkvæmt samtali oddvita fyrir fundinn, en hún ætti að vera ... Afsakið mig, það er svona þegar prentarinn bilar. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur áréttar þá yfirlýstu stefnu sína að vinna sem stjórnvald gegn klámvæðingu, vændi og mansali. Í mannréttindastefnu Reykjavíkur er skýrt kveðið á um þessa afstöðu borgaryfirvalda, auk þess sem borgin hefur spornað gegn rekstri nektarstaða í borginni í samræmi við þá stefnu. Þrátt fyrir ólíka afstöðu borgarfulltrúa til einstakra þátta umræðunnar, endurspeglar umræða dagsins þá samstöðu sem ríkt hefur um þessa þætti mannréttindastefnunnar á vettvangi borgarstjórnar.

4. október 2011

Ég vonast til þess að borgarfulltrúar fallist á þessa bókun þannig að við getum sent skýr skilaboð frá okkur sem borgarstjórn um að við stöndum eftir sem áður með mannréttindastefnunni sem samþykkt var hér vorið 2006.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Baldursdóttir.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Eva Baldursdóttir: Ágætu borgarbúar, kærur borgarfulltrúar, frú forseti. Ég vil þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir að bera upp þessa tillögu að umræðu um vændi í Reykjavík enda er það mjög alvarlegt mál sem ber að ræða af fullri alvöru. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur nú þegar rakið mörg þau atriði sem ég mun jafnframt fjalla um og rakið fjölmargar tillögur, mjög góðar, um það hvernig borgin getur frekar lagt sig fram í baráttunni gegn vændi. En fyrst og fremst vil ég taka það fram að Reykjavík ber að spyrja á reglubundnum fresti sig gagnrýnnar spurningar um hvernig hennar framlag, hvert hennar framlag er, til að mæta því félagslega vandamáli sem tilvist vændis felur í sér, og því er hollt fyrir Reykjavík að spyrja sig hvað borgin er að gera hverju sinni til að leggja baráttunni lið og jafnframt hvað getur hún gert betur.

Ég tel, líkt og Sóley að vændi og tilvist þess sé partur af stærra vandamáli sem tengist jafnréttisbaráttu kvenna í gegnum aldir alda. Vændi hefur viðgengist og hefur oft verið vitnað til sem elstu atvinnugreinar í heimi, hversu lággúrlegt sem það er. Að mínu mati er vændi í raun tákngerving fyrir kúgun mannsins á konunni og baráttan gegn vændi hefur einnig verið samofin þessari jafnréttisbaráttu kvenna um áratuga skeið. Réttlætning vændis er einnig til og hún er viðhöfð í vestrænum samfélögum oft og tíðum í dag, meira að segja nú á 21. öldinni árið 2011, undir formerkjum einhverskonar liberalismis, að kona eigi rétt á að bjóða þjónustu sína manni þegar honum hentar en þetta er akkúrat partur af jafnréttisbaráttu og félagsáttmála byggðum á kynjaímyndum, að kona eigi að bjóða þjónustu sína manni ef honum einmitt hentar. En við eigum öll að vita miklu betur og við gerum það öll. Vændi er í grunninn ekkert annað en birtingarmynd ofbeldis og kúgunar og Reykjavík ber að vera leiðandi í þeirri umræðu að hér mun það einfaldlega ekki líðast að slíkt ofbeldi eigi sér stað.

Allir eiga þau grundvallarmannréttindi að lifa með mannlegri reisn, en þegar gengið er á þennan grundvallarrétt þeirra sem vegna félagslegra og efnahagslegra aðstæðna hafa leiðst út í eða verið þvingaðar í vændi. Vændi er samfélagslegt mein, m.a. í ljósi þess að sú hugsun sé sumpart viðurkennd af hópum þessa

4. október 2011

samfélags að það sé í lagi að nýta líkama sem söluvöru fyrir kynlífsþjónustu. Sú röksemdafærsla, eins og ég vísað til áðan, að vændi sé elsti iðnaður heimsins, að um vændi eigi að gilda lögmál atvinnu- og samningsfrelsi og mýtan um hamingjusömu hórana og að konur og eftir atvikum menn hafi rétt á að selja sig heyrst oft á tíðum. Sömu sjónarmið komu aukinheldur fram í umræðu nú 2010 þegar nektardanssýningar voru bannaðar samkvæmt lögum á síðasta ári. Sömu sjónarmið risu mjög hátt þegar einkadans var bannaður og gekk það alla leið til dómstóla.

Þetta frjálshyggjusjónarmið sem byggir á samningssambandi þegar vændi er annars vegar, eða að annar einstaklingur klæði sig úr fötum gegn gjaldi, gengur hinsvegar mjög skammt. Þetta sjónarmið inniber ekki réttinn til að lifa með mannlegri reisu heldur horfir á rétt konu til að gangast inn í einhverskonar þjónustusamning, líkt og hér sé um almenna vöru að ræða, líkt og það að selja líkama sinn sé það sama og þvottaefni í Bónus. Þvottaefni hefur ekki persónuleika, tilfinningar, heilastarfsemi eða rétt til mannglegrar reisu en konur og menn hafa það hinsvegar. Að hlutgera einstaklinga, og oft og tíðum hafa það verið konur, líkt og vöru, sýnir fram á sanna afstöðu viðhorfsins um samnings- og atvinnufrelsi, ekkert nema kapítalísk viðskipti á frjálsum markaði en slíkt er fáránleg röksemdafærsla fyrir því að nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi.

Vændi er því ekkert annað en kúgun og skerðir grundvallarréttindi manna til að lifa með mannlegri reisu. Og þegar ljóst er að röksemdarfærslan um hin frjálsu viðskipti hefur verið afhjúpuð er ljóst að vandamálið er ekki aðeins að mæta þeim sem eru þolendur vændis með félagslegri þjónustu af krafti, heldur að hugsa sér gaumgæfilega af hverju við búum í samfélagi þar sem slík sjónarmið koma fram í opinberri umræðu að í það sé í lagi að kona eða eftir atvikum maður stripplíst um á strípistöðum eða selji líkama sinn eins og hrávara á markaði.

Það er því augljóst að vandinn við vændi er tvíþættur. Vændi er félagslegt mein, félagslegt vandamál sem ber að fyrirbyggja með félagslegum úrræðum fyrir þolendur. Hinsvegar ber okkur, sem stjórnvöldum, að gefa þau skilaboð að viðhorf um að vændi sé spurning um einhverskonar frelsi einstaklings, séu

4. október 2011

óásættanleg. Í velferðarsamfélagi líkt og Ísland á vændi og mansal einfaldlega ekki að þrífast.

Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir vísað hér í skýrslu sem kom út árið 2001 og ég mun aðeins fara í almenn atriði hennar. Á Íslandi er semsagt ekki hægt að finna umfangsmiklar rannsóknir á vændi og var þessi skýrsla, hún átti að þjóna því hlutverki að vera grundvöllur fyrir upplýsta umræðu um vændi og opinbera stefnumótun til framtíðar í málaflokkunum, en hún markaði tímamót í rannsóknum og greiningu á því viðkvæma viðfangsefni sem vændi er. Og ótrúlegt að hún hafi ekki komið fram fyrr en árið 2001 fyrst. Í skýrslunni var til dæmis að finna þær upplýsingar að vændi væri stundað í auknum mæli meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, svokallað nauðarvændi sem leið til að lifa af. Þá væri vændi að miklu leyti tengt starfsemi nektardansstaða. Í dag er ljóst að þau félagsamtök sem eiga mest við þetta viðkvæma málefni að stríða vita að vændi á Íslandi fer mikið fram á internetinu, m.a. í gegnum samskiptasíður eins og Einkamál eins og rakið var hér áðan og ég mun ekki fara nánar í.

Þá er vitneskja um að vændi eigi sér stað í Kringlunni og í Öskjuhlíð, sem og að það er auglýst beint fyrir framan nefið á okkur á miðlum í dag. Á síðustu dögum hefur farið fram mjög góð og upplýst umræða um ábyrgð milligönguaðila á slíkum auglýsingum og að mínu mati geta forsvarsmenn miðla ekki lýst sig saklausa af sinni samfélagslegu ábyrgð, ég tala nú ekki um ef hún verður fundin refsiverð, að gæta þess að ólögleg þjónusta sé ekki auglýst á blaðasíðum þeirra – ja, það er að segja þjónusta sem er ólöglegt að kaupa.

Í skýrslunni frá 2001 er ennfremur ljóst að rannsóknir sínar að félagslegar aðstæður fólks sem selur sig eru oft bágbornar. Líklegra er að einstaklingar í vændi hafi lent í kynferðislegu ofbeldi í æsku og sýna rannsóknir í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum að milli 50 og 90% þeirra sem stunda vændi hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá er líklegra að einstaklingar hafi verið í vímuefnaneyslu og hafi hlaupist ungir að heiman og hafi skort eftirlit og umsjón foreldra. Þá eru vandamál einstaklinga sem leiðast út í vændi margþætt. Sjálfsmat þeirra er lágt og algeng afleidd vandamál; má nefna kvíði, þunglyndi og sjálfsmorðshugsanir.

4. október 2011

Með auknum skilningi hinsvegar og þekkingu á þeim erfiðu aðstæðum sem við vitum í dag um vændi, hefur mikil áhersla verið lögð á það hér á landi sem og erlendis að finna tilskilin úrræði. Í dag má þó segja að heildarmeðferðarúrræði fyrir þá sem hafa stundað vændi séu af skornum skammti, þótt frjáls félagasamtök líkt og Stígamót hafi háð hatramma baráttu fyrir þennan viðkvæma málefnaflokk, annarsvegar að bjóða upp á skjól og hinsvegar að veita hjálp með þau opinberu úrræði sem bjóðast. Það má segja að frjáls félagasamtök hafi unnið mikið þrekvikri við aðhald á hið opinbera í þessum málaflokki og með þá félagslegu þjónustu sem veitt er einstaklingum í vændi og eiga þau mestu þakkir skilið.

Það kom hér fram áðan að kaup á vændi væru nú refsiverð en lengi vel var Ísland eina landið á Norðurlöndunum þar sem ástundun vændis til framfærslu var refsiverð. Það má segja að árið 2009, þegar kaup voru gerð refsiverð, hafi mikill sigur verið unninn, þegar farin var hin svokallaða sænska leið, sem hafði nú reyndar verið lögfest í Noregi árinu á undan en það var mjög mikilvæg aðgerð vegna þess að löggjafinn tók þar loksins af skarið um að það sé ekki ásættanlegt að líta á mannlíkamann sem söluvöru, eins og ég rakti áðan, og loksins var viðurkennd hin raunverulega ábyrgðarröð, að ábyrgðin hvíli á hendur kaupandanum enda ævinlega mikill aðstöðumunur þar á milli. Í kjölfar þessarar lagabreytingar hefur einn dómur gengið þar sem sakfelld var fyrir kaup á vændi og þess má auk þess geta að rannsóknir í Svíþjóð sem hafa verið gerðar eftir lagabreytingarnar hafa sýnt fram á að lagabreytingin hefur minnkað götuvændi og haft fyrirbyggjandi áhrif. Ennfremur má segja að kaupendur vændis séu iðulega þeir sem vilja bara „prófa“ innan gæsalappa og má telja að lagabreytingin sé jafnframt fyrirbyggjandi fyrir þá aðila sem vilja bara „prófa“, eins smekklegt og það er.

Þá var jafnframt unninn mikill sigur þegar nektardanssýningar til atvinnu með öllu bannaðar á Íslandi á síðasta ári. En nú eru ennþá staðir hér í Reykjavík þar sem teikn eru á lofti um að vændi sé stundað og þykir manni það miður og vonast til að lögreglan muni taka hart á þeim aðgerðum. En spurningin hér í sal borgarstjórnar á að vera: hvað er Reykjavík nú að gera og hvað getum við gert betur með það að markmiði að draga úr vændi hér á landi? Þessi verkefni má segja

4. október 2011

að séu ærin og erfið viðfangs enda er þessi heimur oft hulinn, erfitt er að ná utan um hann og greina hann og þeir sem leiðast út í vændi eru jafnan tregir til að tjá sig um stöðu á íslenskum vændismarkaði. Hluta vandans má e.t.v. rekja til þess að lög eru takmarkað úrræði til að leysa vandamálið, sérstaklega þegar réttarvörslukerfið, svo sem lögregla, á erfitt með að rannsaka og halda utan greiningar og stöðu á vændi sökum takmarkaðra fjárveitinga á því sviði. Það á því að vera hvatning Reykjavíkurborgar til löggjafans að huga sérstaklega að málaflokki lögreglu á sviði kynbundins ofbeldis.

Þeir íslensku sérfræðingar sem hafa kynnst vændi í gegnum starf sitt vinna mestmegnis í stofnunum þjóðfélagsins, svo sem í heilbrigðiskerfi, hjá lögreglu, hjá barnaverndarnefnd, félagsþjónustu, meðferðarheimilum og athvörfum. Í dag er á velferðarsviði veitt þjónusta við þá sem eru í vændi en hún er unnin núna á forsendum skaðaminnkandi nálgunar og er þar af leiðandi helst veitt á vettvangi, þ.e. með færanlegum ráðgjöfum sem koma þangað sem þú ert en ekki með því að kalla fólk inn á skrifstofu. Þjónustan, sem kalla má skaðaminnkandi þjónustu, er margvísleg til þeirra sem er utangarðs. Mestmegnis byggir hún á því að vera með nálgun sem fólk upplifir ekki sem pressu á meðferð og þvingun.

Meginstefið á velferðarsviði Reykjavíkurborgar er að félagsleg úrræði sem veitt eru í þjónustu við þá sem eru í vændi skuli vera veitt af mannúð og kærleika. Lykilatriði er að virða og þykja vænt um fólk og fordæma ekki vanda þeirra. Enginn vandi er það stór að hann verði ekki leystur, þó að einstaklingar kunni að lifa í ljótum heimi er lykilatriði að sýna þessum einstaklingum jákvætt viðmót. Á síðustu árum höfum við verið að auka við þjónustuna, stig af stigi. Heimilum fyrir langt leidda fíkla hefur fjölgað, líka þar sem ekki er krafist meðferðar og edrúmennsku, en í ljós hefur komið að margir á þessum heimilum hafa stundað vændi. Fyrir ári síðan settum við það sem markmið að opna nýtt heimili fyrir konur. Gaman að segja frá því að það var stofnað sl. haust og heiti Mýrin. Það er ekki vændisathvarf, en við vitum að þær konur sem þangað leita hafa verið í vændi eins og áður sagði.

Konur hafa líka þann kost að leita í Konukot, Dagsetrið og Smáhýsin og nú hefur nýverið opnað vændis- og mansalsathvarf á vegum Stígamóta í Reykjavík, en

4. október 2011

borgin fjármagnaði það verkefni að hluta. Í Danmörku var farin sú leið að opna slík athvörf og hefur það úrræði gefist vel, samkvæmt rannsóknum.

En ég lofaði líka að tala um hvað við getum gert betur og verð að segja að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom vel inn á það og tek ég undir með henni að kynbundið ofbeldi ætti að vera yfirskrift mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar á næsta ári. En ég er með nokkrar praktískar lausnir. Hægt væri að auka á þessa færanlegu félagslegu ráðgjöf og vinnu á vettvangi, sem ég nefndi hér áðan. Þá eru komur tengdar vændi innan hins opinbera kerfis ekki skráðar hjá stofnunum hins opinbera og því erfitt að átta sig á umfangi vandans. Nauðsynlegt er að meðhöndlun vegna vændis sé markviss og sérþekking sé til staðar innan stofnana um hvernig eigi að bjóða upp á félagsleg úrræði og því þarf að finna leiðir til að tryggja þessa sérþekkingu og setja upp áætlun um hvernig kortleggja megi vandann, en kynna þarf leiðir til þess inn á þeim sviðum sem það heyrir undir.

Þá er mjög, mjög mikilvægt að umræða á vegum hins opinbera sé upplýst um skaðsemi vændis og einkennist af svokölluðum, svo mér leyfist aðeins að skvetta á ensku, „no tolerance“ viðhorfum, en ekki síður er mikilvægt að forvarnastarf sé aukið og eflt innan skóla og í frístundum og að virðing fyrir manningnum sé kennd og jafnframt jafnrétti kynjanna. Umfram allt tel ég lykilatriði að við eigum að sýna mannúð og kærleika og gefa út þau skilaboð að Reykjavík sýni kaupendum vændis ekkert svigrúm og hér í Reykjavíkurborg muni það ekki líðast.

Reykjavíkurborg ber að vera öflugur varðhundur velferðarsamfélagsins sem við getum sýnt fram á á virkan og öflugan hátt að borgin leggi sín lóð á vogarskálarnar í það að Ísland sé leiðandi á sviði jafnréttismála hér á landi. Baráttan gegn vændi og rétti fólks til mannglegrar reisnar er því þess virði að berjast í potta og trumbur, svo ég vitni nú í orð ágæts alþingismanns í gær. Það er nefnilega svo að án félagslegra réttinda eru hin efnislegu réttindi lítils virði. Án mannglegrar reisnar erum við ansi snauð og grunnskylda okkar er að tryggja öllum rétt til að lifa mannsæmandi lífi. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Baldursdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Óttarr Proppé.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Óttarr Proppé: Frú forseti, ástkæra borgarstjórn. Ég kveð mér hljóðs hérna í umræðu um vændi í Reykjavík og mér er það nokkuð dýrmætt. Ég er mjög meðvitaður um og hef lengi verið meðvitaður um gott starf sem hefur verið unnið fyrir borgarstjórn inni í borgarkerfinu þegar kemur að málum í tengslum við kynferðisofbeldi, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom ágætlega inn á hérna, þegar kom að banni við strípidansi til dæmis og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem þykir og er mjög framsækin og fyrirmynd annarra. Ég er líka stoltur af því að við skyldum hér á vettvangi borgarinnar ákveða á dögunum að styðja við athvarf fyrir fórnarlömb mansals og vændis.

Sá sem hér stendur flokkast sem karlkyns og ég, eins og fleiri karlar, upplifi skömm þegar kemur að umræðu um vændi, hvort sem að við höfum nokkurn hvata til þess að stunda það eða kaupa það sjálfir, vegna þess að sú staðreynd að vændi fyrirfinnst er skömm og vissulega verðum við karlar að taka megin- ef svo má segja, megin-skömmina á okkur. Vændi er ofbeldi, það er ekki spurning. Vændi er, að því er ég vil segja, einhver ýktasta útgáfa af einelti. Og ofbeldi og einelti eru bæði ólíðandi og ömurleg fyrirbæri. Vændi er ólíðandi, ömurlegt og ólöglegt og í hrópandi ósamræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkur. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að fá á þessum vettvangi að styðja við tillögu að sameiginlegri bókun og þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir að setja málið á dagskrá.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Proppé lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúanum Sóleyju Tómasdóttur fyrir það að hefja máls á þessari umræðu og setja hana hér á dagskrá í borgarstjórn. Þetta mál hefur verið til umræðu í fjölmiðlum að undanfögnu, ég held að við höfum öll tekið eftir því og það er alltaf sama þegar maður sér slíka umræðu, að þá einhvern veginn vaknar maður upp við þennan vonða draum. Ég held að ég, eins og flestir aðrir, einhvern veginn leiði hjá mér vændi af því að það er eitthvað sem maður sér ekki, það er undir yfirborðinu og maður vill ekki hafa þetta og manni finnst þetta auðvitað ógeðslegt, ólíðandi, á hvergi að vera og svo framvegis. Þannig að það er gott að vekja mann upp af þessum svefni til umræðu og til þess að minna á þá staðreynd sem hér er, sem er auðvitað vændi í þessari góðu höfuðborg okkar.

Mannréttindastefna borgarinnar hefur tekið á þessu og þar stendur, með leyfi forseta: „Reykjavíkurborg einsetur sér að vinna gegn klámvæðingu og vændi. Af þeim sökum er mikilvægt að sporna áfram gegn rekstri nektardansstaða.“ Auðvitað höfum við verið að vinna samkvæmt þessu og margur myndi kannski segja: en hvað er Reykjavíkurborg að fjalla um þetta? Hún hefur ekki löggjafarvaldið, hún setur ekki hegningarlög, hún setur ekki refsiramma, hún ræður ekki yfir lögreglunni. Hún hefur ekki rannsóknarvald heldur þegar kemur að því að rannsaka brot af þessu tagi. En það er einfaldlega svo, og yfir það hafa farið borgarfulltrúarnir Eva Baldursdóttir og Sóley Tómasdóttir með miklum ágætum, og ég ætla því ekki að gera það, að Reykjavíkurborg hefur margar leiðir, hefur mörg tæki og hún hefur þetta öryggisnet, hið félagslega öryggisnet sem auðvitað á að vera virkt. Og ef það er ekki virkt höfum við brugðist og við berum ábyrgð og við ætlum ekki að bregðast. Við ætlum að bera ábyrgð og taka á þessu máli af fullri ábyrgð.

Það sem maður sér af þeim viðtölum sem birst hafa við þær konur sem leiðst hafa út í vændi, þá sér maður að oft og tíðum er það neyðin, fátæktin, eymdin, sem veldur því að þær konur sem leiðast út í vændi, þær orsakir sem þær nefna til sögunnar. Það er auðvitað akkúrat það sem við eigum að vinna að. Við eigum að

4. október 2011

hafa vakandi auga, fylgjast með, ekki bara taka við konum og körlum sem leiðst hafa út í vændi, heldur líka að fyrirbyggja með svo mörgum hætti. Margvíslegum hætti. Og þá auðvitað er ekki síst sá mikli vettvangur sem við höfum í grunnskólum borgarinnar þar sem við getum nálgast börnin á þeim aldri sem er svo mikilvægur og innrætt, upplýst um góða siði og gott siðferði.

Ég vil því segja það að við hér, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, tókum undir þá bókun sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur hér lesið upp og lagt fram, og munum auðvitað samþykka hana. Eitt atriði vil ég kannski leyfa mér aðeins að minnst á, sem ég svolítið hnaut um í þeirri ágætu ræðu sem borgarfulltrúinn Sóley Tómasdóttir flutti, og það var það að borgarfulltrúinn velti því upp hvort að Reykjavíkurborg ætti hreinlega að hætta viðskiptum við fyrirtæki sem borgarfulltrúinn taldi einhver áhöld um að væri að auglýsa vændi. Þetta er nokkuð sem ég vil biðja borgarfulltrúann um að ganga hér um þessar dyr. Hér er um mjög stóran vinnustað að ræða, þar vinna 400 manns, eitt af stærstu fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, en þar fyrir utan hefur það einfaldlega verið upplýst að Fréttablaðið hefur unnið með lögreglunni að því að upplýsa mál af þessu tagi. Fréttablaðið hefur hafnað auglýsingum sem borist hafa blaðinu.

En Fréttablaðið er jafnframt að vinna samkvæmt nýrri löggjöf um fjölmiðla þar sem eru alveg skýr skil á milli ritstjórnar og auglýsingadeildar þar sem ritstjórn á ekki og hefur ekki heimild til þess að ritskoða auglýsingar og velja og hafna auglýsingum. Fréttablaðið hefur þar að auki auðvitað ekki leyfi til að rannsaka með einhverjum hætti hvað býr að baki auglýsingum sem blaðinu berast þegar hugsanlega eitthvað af þessu tagi kemur upp. Nudd er auðvitað ekki ólöglegt og nuddarar geta auðvitað auglýst sína þjónustu í Fréttablaðinu, eins og þeir gera, og auglýsa auðvitað víða annarsstaðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri um þetta mál. Ítreka það bara að ég fagna því að þetta mál skuli vera tekið upp, fagna líka þeirri mjög svo málefnalegu umræðu sem hér fór fram með ágætum hugmyndum um það með hvaða hætti vinna má gegn vændi, bæði með forvörnum, það er að segja þá með því að upplýsa og góðu forvarnastarfi og sömuleiðis með hvaða hætti hægt er að bregðast

4. október 2011

við þegar í slíkt óefni er komið að konur neyðist til þess að fara út í vændi að því að þær telja.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Eva Einarsdóttir: Kæri forseti, kærur borgarfulltrúar og kærur borgarbúar. Þegar ég sá að þetta mál var á dagskrá borgarstjórnar taldi ég mig knúna til að taka til máls og vil ég þakka borgarfulltrúanum Sóleyju Tómasdóttur fyrir að setja þetta mál á dagskrá hér í dag og fannst mér hún og borgarfulltrúinn Eva Baldursdóttir gera málinu góð skil. Mín afstaða til vændis, sem kona, sem móðir, sem borgarfulltrúi, er skýr. Vændi er ein af fjölmörgum birtingarmyndum ofbeldis og í Reykjavík eigum við að hafa „zero-tolerance“ eða algjört óþol gegn öllu ofbeldi.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt því ég þarf hreinlega að kynna mér málið betur. Starfsmenn Stígamóta voru mér mjög hjálpsamir og sendu mér ýmist efni þótt enn hafi ekki mikið efni verið birt um vændi. Skýrsluna sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir nefndi hér áðan hef ég rennt í gegnum og þótt að hún sé tíu ára gömul gefur hún manni mikla innsýn inn í þennan heim sem vændi býr í. Einnig skoðaði ég lítilliga skýrsluna „Kynlífsmarkaður í mótun“ eftir Drífu Snædal sem kom út árið 2003 og finnst mér hún ítarlega og vel unnin skýrsla, en það var einmitt Reykjavíkurborg sem meðal annars styrkti þá vinnu.

Borgarráð ákvað að samþykkja að styrkja hin góðu samtök Stígamót til að opna athvarf fyrir fórnarlömb vændis og mansals, sem borgarfulltrúi Eva Baldursdóttir kom hér inn á áðan. Tel ég þetta mikilvægt skref í að viðurkenna að vændi er staðreynd í Reykjavík. En eins og ég sagði áðan þarf ég að kynna mér málið betur og vil ég bara þakka fyrir þá umræðu sem ég hef fengið að hlusta á hérna í dag. Og eins fagna ég þeirri bókun sem ég var áðan lesin og verður samþykkt einróma hér í dag, vona ég.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil bara koma hér upp til að þakka fyrir góða umræðu og jákvæð viðbrögð og mikinn einhug sem ég greini í máli borgarfulltrúa allra flokka hér, sem er mjög mikilvægur. Ég vil þó aðeins svara borgarfulltrúa Júlíusi Vífli Ingvarssyni varðandi mögulegar aðgerðir gagnvart Fréttablaðinu og bara áréttta það að ég gekk afar hægt um gleðinnar dyr í vangaveltum mínum og sagði bara að við ættum að skoða þetta og mögulega gætum við ráðfært okkur við lögfræðinga en var ekki að leggja eitt eða neitt til í þeim efnum. Raunar er það svo að lögreglan hefur kveðið mun fastar að orði heldur en ég í þessum málum og sagt hreint út að þarna sé um milligöngu um vændi að ræða. Það hef ég ekki sagt, heldur bara haft eftir öðrum.

En sumsé, ég vil bara þakka fyrir góða umræðu. Ég held að við eigum að tala oftar um þessi erfiðu mál hér í borgarstjórn, tala oftar um þau mál sem sameina okkur. Það skiptir máli að setja svona mál á dagskrá, það skiptir máli að við viðurkennum vændi sem pólitískt viðfangsefni í samfélaginu. Þetta varðar okkur öll og við eigum að hafa áhrif, við eigum að velta því upp hvað við getum gert og ég held að þessi umræða hafi leitt til bara mjög, svona, ágætrar umhugsunar hjá okkur öllum og vonandi kemur eitthvað stórkostlegt út úr því.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið. Forseti gerir það að tillögu sinni að það verði fært til bókar í fundargerð borgarstjórnar svohljóðandi bókun, sem yrði þá bókun Borgarstjórnar Reykjavíkur:

Í ljósi samfélagsumræðu undanfarinna daga má ljóst vera að vændi þrífst í Reykjavík þrátt fyrir afdráttarlaust bann við kaupum og milligöngu um slíkt ...

[frammícall: Nei, nei.] Ekki rétt? Má bjóða fulltrúa Vinstri grænna að lesa upp rétta bókun? Gjörrið svo vel.

4. október 2011

3. mál Umræða um vændi í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Eftir samtal borgarfulltrúa fyrir fund, þá varð bókunin svohljóðandi með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur áréttar þá yfirlýstu stefnu sína að vinna sem stjórnvald gegn klámvæðingu, vændi og mansali. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er skýrt kveðið á um þessa afstöðu borgaryfirvalda, auk þess sem borgin hefur spornað gegn rekstri nektarstaða í borginni í samræmi við þá stefnu. Þrátt fyrir ólíka afstöðu borgarfulltrúa til einstakra þátta umræðunnar, endurspeglar umræða dagsins þá samstöðu sem ríkt hefur um þessa þætti mannréttindastefnunnar á vettvangi borgarstjórnar.

Forseti: Þá hefur fulltrúi Vinstri grænna, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að kynna sameiginlega bókun. Ég legg til að þetta verði fært til bókar sem bókun borgarstjórnar. Fleira liggur ekki fyrir undir þessari umræðu og telst umræðu lokið. Þá er farið í 4. mál á dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 22. september, fundargerð borgarráðs frá 29. september, sem þarf að bera upp. Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur kvatt sér hljóðs.